

Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Fundur haldinn mánudaginn 30. september 2013 kl. 11:00 í ráðhúsinu á Höfn.

Mættir voru: Reynir Arnarson, Björn Ingi Jónsson, Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður, Sigurlaug Gissurardóttir og Karl Ingólfsson voru í síma.

Dagskrá:

- 1) Bréf frá Þóru Jónsdóttur bónda á Skálafelli.
- 2) Erindi frá Jöklamönnum ehf.
- 3) Skýrsla þjóðgarðsvarðar.
- 4) Önnur mál.

1. Í bréfi frá Þóru Jónsdóttur, Skálafelli 1 er farið fram á að byggð verði göngubrú yfir Kolgrímu samkvæmt samningi íslenska ríkisins við landeigendur frá 2008. Einnig að veitt verði fjármagni til uppbyggingar bílastæðis og salernisaðstöðu við upphaf gönguleiðar um Hjallanes vegna aukinnar umferðar og viðræður verði hafnar um rekstur upplýsingamiðstöðvar á Skálafelli. Björn Ingi ítrekar að staðið verði við samninginn og byggð göngubrú yfir Kolgrímu. Aðrir fundarmenn taka undir það. Varðandi uppbyggingu upplýsingamiðstöðvar kom fram almenn skoðun fundarmanna um að ekki væri nauðsynlegt að fara í slíka uppbyggingu þar á vegum þjóðgarðsins þar sem nú þegar væru starfræktar tvær upplýsingamiðstöðvar á svæðinu. Varðandi uppbyggingu salernisaðstöðu og annarrar aðstöðu vegna göngufólks tóku fundarmenn undir að þetta væri málefni sem vissulega væri víða í brennidepli í sveitarfélaginu. Það er þó ekkert ákvæði í samningnum um að þjóðgarðurinn eigi að koma að þeirri uppbyggingu. Það er auðvitað ljóst að aukin umferð ferðamanna kallar á meiri þjónustu við þá en hún skapar líka ýmis tækifæri fyrir ferðapjónustuaðila. Fundurinn hvetur íslenska ríkið til að standa við samninginn og byggja göngubrú yfir Kolgrímu og hvetur einnig til þess að ríkið skoði almennt uppbyggingu hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum.
2. Erindi Jöklamanna varðandi stöðuleyfi fyrir starfsmannaaðstöðu í Skaftafelli. Sigurlaug spyr hvað líði deiliskipulagi á þéttbýlisstöðum í Örafum og hvort ekki sé hægt að fá bráðabirgðaleyfi eða varanlegt leyfi annarsstaðar. Karl bendir á að þegar hafi komið fram tillögur að því að færa starfsemi fyrirtækja út fyrir þjóðgarðinn og hvort þurfi ekki að skoða þetta í samhengi. Regína tekur undir það og minnir á að vinnu við Atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn hafi ekki enn verið lokið og bendir jafnframt á að deiliskipulag fyrir Skaftafell hafi þegar verið samþykkt og ekki sé gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu fyrir aðra en starfsfólk þjóðgarðsins á svæðinu. Björn Ingi spyr hvort ekki þurfi þá einnig að vísa því fyrirtæki út sem fékk tímabundið leyfi til að setja upp starfsmannaaðstöðu í Skaftafelli og tóku fundarmenn undir það að jafnt þyrfti yfir alla að ganga en leyfi hefur verið gefið til árs í senn. Fundurinn leggst gegn því að gefið verði bráðabirgðaleyfi fyrir starfsmannahúsum Jöklamanna í Skaftafelli í takt við deiliskipulag Skaftafells.
3. Regína kynnti fyrir fundarmönnum drög sín að samantekt um þjónustusvæðið í Skaftafelli sem send verður til stjórnar þjóðgarðsins fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður á Höfn og í Skaftafelli. Hún fór í stuttu máli yfir helstu þætti starfseminnar og tillögur að úrbótum á svæðinu.

Engin önnur mál voru á dagskrá. Fundi slitið kl. 12:10

Fundargerð ritaði Regína Hreinsdóttir